

## LÖG

### um breyting á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97 10. maí 2002.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. tölul. 3. gr. laganna orðast svo: *Búsetuleyfi:* Leyfi sem felur í sér rétt til ótímabundinnar dvalar skv. 15. gr. laga um útlendinga.

2. gr.

Í stað a- og b-liðar 14. gr. laganna kemur nýr liður sem orðast svo: Ríkisborgarar í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og aðrir útlendingar sem falla undir reglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, með þeim takmörkunum sem þar greinir og nánar skal kveðið á um í reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 26. mars 2003.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Guðni Ágústsson.*